

Nd.

276. Nefndarálit

um frv. til laga um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Frumvarp þetta miðar að því að bæta úr mjög brýnni þörf. Skólavist nemenda í Hinum almenna mentaskóla í Reykjavík er tilfinnanlega dýr, þegar þeir þurfa að leigja sjer herbergi úti í bæ, og lítil tók eru á því fyrir þá að mynda með sjer fjelagsskap til þess að fá fæði ódýrara en með því að kaupa það á venjulegan hátt. Úr þessu má bæta með því að koma upp heimavistum eins og hjer er farið fram á. Má óhætt segja, að þetta sje sú þarfasta umbót, sem hægt er að gera á skólanum fyrir utanbæjarnemendur. Heimavistir eru nú þegar við skólann á Akureyri, og hafa þær gert mönnum skólavistina þar til muna aðgengilegri. Því að auk þess að spara mönnum peninga við námið, gera heimavistir skólaveruna alla ánægjulegri, auka fjelagsskap og heilbrigt skólalíf. Má enn benda á það, að sakir þess hve afardýr herbergi eru nú í Reykjavík munu margir fátækir námsmenn verða að hýrast í lakari kompum en svo, að heilsu þeirra sje óhætt, og mundu heimavistirnar koma í veg fyrir það.

Höfuðágalli frumvarpsins er sá, að með því er ekki trygt, að heimavistirnar komist á fót þegar í stað. En slík lagasetning mundi þó vera mjög ákveðin bending til stjórnarinnar um það, að henni bæri að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd eins fljótt og mögulegt reynist.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarp þetta verði samþykkt, en ber fram smávægilegar breytingartillögur, sem snerta aðeins orðalag.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Orðið »sameiginlegu« í 2. málslið fellur niður.
2. Við 4. gr.
 - a. Í stað »er tryggja« í 2. málslið kemur: um.
 - b. Orðið »um« á undan »þjónustufólk« fellur niður.

Alþingi, 22. febr. 1928.

Ásgeir Ásgeirsson,
form.

Magnús Jónsson,
frsm. meiri hl.

Jóhann P. Jósefsson.